

# Óhugnaður stalínismans færður nærri íslenskum nútímalesendum

Bókarhöfundar: **Jón Ólafsson**.

Bókarheiti: **Appelsínur frá Abkasíu - Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu.**

Gagnrýnandi: **Auðunn Arnórsson**, stjórn málafræðingur.

Útgáfa: **JPV útgáfa, Reykjavík 2012, 430 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Með þeirri persónulegu nálgun að örlögum saklausrar móður og barns sem lentu tannhjólum kúgunarvélar stalínismans, sem Jón beitir í bókinni færir hann óhugnað þessa miskunnarlausu óréttarkerfis nærri lesandanum. Þau sérstæðu tengsl sem hin þýzkættaði Sovétborgari Vera Hertzsch og dóttir hennar höfðu við þjóðþekktu Íslendinga færa þennan óhugnað Stalínstímans líka nær íslenskum nútímalesendum en allar þær bækur sem áður hafa verið skrifaðar um Gúlagið.“

Örlög Veru Hertzsch og dóttur hennar, Erlu Sólveigar Benjamínsdóttur, hafa í áratugi verið ófáum Íslendingum hugleikin, eða allt frá því að Halldór Laxness greindi frá því í Skáldatíma árið 1963 að hann hefði orðið vitni að því þegar sovétkir leynilögreglumenn ruddust inn á heimili mæðgnanna í Moskvu kvöld eitt í marz mánuði 1938 og höfðu þær á brott með sér. Erla Sólveig, óskilgetin dóttir Benjamíns H.J. Eiríkssonar sem fæddist eftir að hann var farinn frá Moskvu, er að því er bezt er vitað eini Íslendingurinn sem lenti í manneyðingarvél stalínismans. Og að því er bezt er vitað átti hún ekki þaðan afturkvæmt - þótt Halldór Laxness hafi í Skáldatíma skrifað: „Nú hlýtur hún að vera orðin mikil og glæsileg Sovétkona sem horfir mót nýjum degi.“

Þegar skjalasöfn Sovétríkjanna opnuðust eftir fall þeirra á tíunda áratug 20. aldar voru gerðar nokkrar atlögur að því að leita uppi heimildir um örlög mæðgnanna. Jón Ólafsson er einn þeirra sem réðst í slíkar atlögur. Bókin sem hann nú hefur sent frá bætir í sjálfu sér litlu við aðalatriði þess sem áður var vitað um afdrif mæðgnanna. En með hjálp endurminninga annarra kvenna sem lifðu af vist í sömu fangabúðum og Vera Hertzsch sannanlega dvaldi í reynir Jón í bókinni að „setja kjöt á bein“ þeirrar atburðarásar sem á endanum batt enda á líf mæðgnanna Veru og Erlu Sólveigar og hingað til hafa aðeins legið fyrir brotakenndar upplýsingar um. Með þessari aðferð reynir Jón meðal annars að undirbyggja betur þá kenningu sína að Erla Sólveig hafi dáið úr farsótt strax sumarið 1938 í fyrstu fangabúðunum sem móður hennar var þrælað út í - Temlag-búðunum svonefndu í Mordóvíu suðaustur af Moskvu. Telur

hann líklegast að líki stúlkunnar hálf-íslenzku hafi verið komið fyrir í fjöldagröf við búðirnar, og móðir hennar jafnvel ekki verið látin vita hvað nákvæmlega varð um dótturina. Vera Hertzsch dó í öðrum fangabúðum í Karaganda í Kasakstan vorið 1943.

Á árunum 1934 til 1953, andlátsárs Stalíns, rekur Jón að á bilinu 25 til 28 milljónir manna hafi setið í Gúlaginu til lengri eða skemmri tíma. Af þeim létu minnst tvær milljónir lífið. Með þeirri persónulegu nálgun að örlögum saklausrar móður og barns sem lentu undir tannhjólum kúgunarvélar stalínismans, sem Jón beitir í bókinni færir hann óhugnað þessa miskunnarlausu óréttarkerfis nærri lesandanum. Þau sérstæðu tengsl sem hin þýzkættaði Sovétborgari Vera Hertzsch og dóttir hennar höfðu við þjóðþekkta Íslendinga færa þennan óhugnað Stalínstímans líka nær íslenskum nútímalesendum en allar þær bækur sem áður hafa verið skrifaðar um Gúlagið. En umfjöllun Jóns um þennan harmleik varpar líka skýrara ljósi á það sem ekki er hægt að kalla annað en vafasamt siðferði Nóbelskáldsins, sem skrifaði eitt ástríðuþrúgnasta áróðursrit um Sovétríkin sem skrifað hefur verið - Gerska æfintýrið - eftir að hafa orðið vitni að handtöku mæðgnanna - og reyndar einnig að frægum sýndarréttarhöldum „Hreinsananna miklu“ er hann dvaldi eystra sem „VIP“-gestur sovézkra stjórnvalda veturinn 1937-38. Mest afhjúpanði dóminn um þetta siðferði skáldsins fellir reyndar Benjamín Eiríksson sjálfur, í viðtali sem Morgunblaðið á við hann um Skáldatíma árið 1963 og Jón rekur strax í fyrsta kafla (bls. 28): „Benjamín segir bókina stórkostlega lesningu um stórkostlega tíma og að í henni sé Halldór fyrst og fremst að fást við ákveðna sálfræðilega eða heimspekilega spurningu: „Hvers vegna ljúga menn?“ Benjamín heldur áfram: „Hann horfir fast í augu þessarar spurningar en deplar svo augnum.““